

**Sp.**

## **26. Tillaga til þingsályktunar**

um ráðstafanir til öryggis handrita- og skjalasöfnum ríkisins.

Flm.: Vilmundur Jónsson.

Alþingi ályktar að leggja fyrir ríkisstjórnina að hefja nú þegar ráðstafanir til undirbúnings því, að gerð verði sprengjuheld geymsla fyrir handritasafn landsbókasafnsins og hin merkustu skjalasöfn þjóðskjalasafnsins og þannig um húið, að söfnin verði þar jafnan tiltæk til notkunar.

### **G r e i n a r g e r ð .**

Deir fjársjóðir vor Íslendinga, sem eru allt í senn: einna dýrmætastir, vandgeymdastir og þó einkum óbætanlegastir, ef þeir glatast, eru handritasafn landsbókasafnsins og ýmis opinber skjöl þjóðskjalasafnsins. Þetta hefir verið staðfest með því, að jafnskjótt sem hætta var talin á hernaðarviðureignum í Reykjavík, var ritum þessum og skjölum komið þaðan í burtu, og eru þau nú geymd fyrir austan fjall, ef til vill á samilega öruggum stað eftir atvikum, og þó engan veginn að öllu leyti. Þau eru þar einnig í lokuðum kössum, sem lítil eða engin leið er að komast að, og þess vegna gersamlega óaðgengileg til hverskonar afnota.

Enginn veit, hve lengi verður við svo húið að standa, ef ekki er að gert. Þó að núverandi hernaði kunni að slota innan ekki mjög langs tíma, fær enginn sagt fyrir, hvenær næsta hrina kann að riða yfir eða hin næstnæsta. En svo horfir nú, að tæplega færumst vér fjær hættunum, er lengra líður fram. Sifelldum flutningi á söfnunum fram og aftur er samfara margvísleg áhætta fyrir þau, einkum er til flutnings þarf að grípa í flaustri og jafnvel í ofboði. Getur margt orðið þeim að meira og minna grandí við þær ráðstafanir, þó að beinum hernaðaraðgerðum sé ekki til að dreifa, að því ógleymdu, að jafnan verður meira og minna undir hælinn lagt, hvort sá staðurinn, sem í það og það skiptið er flutt til, sé stórum öruggari en hinn, sem flutt var frá.

Þá er ótalið, hvert tjón bóklegrí menningu landsins er húið af því, ef söfnin verða löngum og löngum algerlega óaðgengileg fræðiiðkendum og öðrum bókmenntamönnum.

Vænti ég, að ekki þurfi að hafa hér fleiri orð um, til þess að skiljast megí, hver nauðsyn er á að gefa þessu máli gaum, láta fara fram athugun á því, hver tók eru á að húa söfnunum öruggan stað, þar sem jafnan sé hægt að hafa þeirra not, enda fari illa á, að þær framkvæmdir dragist nema sem allra skemmst. Hernaðarástandið, sem á sökina á þessum vandræðum, hefir nú leitt til óvenjulegrar peningaveltu í landinu. Virðist það þá ekki nema sanngjörn krafa fyrir hönd þeirra menningarverðmæta, sem í mestri hættunni eru, að þau verði að einhverju leyti látin njóta þeirrar veltu þeim til aukins öryggis.